

Siðareglur Lbhí

Samþykktar á fundi háskólaráðs 30. janúar 2024.

Í því skyni að efla sjálfstæði Landbúnaðarháskóla Íslands, auka traust á háskólanum, efla fagleg vinnubrögð og góða starfshætti, virða akademískt frelsi, jafnræði og fræðilegt sjálfstæði, staðfestir háskólaráð siðareglur fyrir skólann, sbr. 2. mgr. 2. gr. a. laga nr. 63/2006 um háskóla, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglna fyrir Landbúnaðarháskóla Íslands nr. 366/2020. Siðareglur þessar skal endurskoða á 4 ára fresti og skal það gert í samráði við starfsfólk og nemendur.

Markmið þessara siðareglna er að standa vörð um siðferðileg gildi, byggja upp og viðhalda trausti innan Landbúnaðarháskólans og hvetja til góðra verka. Þeim er ætlað að leiðbeina starfsfólki og nemendum um meginskyldur sínar og ábyrgð og auðvelda því að taka ákvarðanir um siðferðileg málefni eða leysa úr siðferðilegum álitamálum. Mikilvægt hlutverk siðareglna er að veita viðmið um breytni og faglega ábyrgð starfsfólks og nemenda.

Siðareglur þessar verður að skoða í samhengi við lög um háskóla nr. 63/2006, lög um opinbera háskóla nr. 85/2008, lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, lög um vandaða starfshætti í vísindum nr. 70/2019 og önnur lög sem um starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands kunna að gilda, meðal annars stjórnisýslulög nr. 37/1993, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Háskólaráð skal sjá til þess að starfsfólki og nemendum skólans sé kunnugt um siðareglurnar, efla umræðu og vitund um siðferðilega hlið starfa starfsfólks og nemenda við skólann og tryggja að siðareglurnar séu eðlilegur þáttur í starfi skólans. Siðareglur þessar skal birta starfsfólki, nemendum og almenningi á aðgengilegan hátt.

I. Almenn

- Landbúnaðarháskóli Íslands er samfélag sem samanstendur af nemendum, kennurum og öðru starfsfólki stofnunarinnar. Starfsfólk og nemendur taka þátt í að mynda það samfélag sem háskólinn er af samvisskusemi og ábyrgð. Þau taka ábyrgð á afleiðingu starfa sinna fyrir samfélag, umhverfi og náttúru.
- Öllum meðlimum háskólasamfélagsins við Landbúnaðarháskóla Íslands ber að standa vörð um starfsemi og heiður skólans og aðhafast ekkert það sem kynni að verða til þess að rýra álit samfélagsins á honum. Öllum ber að leggja sig fram um að skólinn sinni hlutverki sínu og að siðareglur þessar séu haldnar.
- Starfsfólki og nemendum er frjálst að gagnrýna stefnu og starfshætti skólans á málefnalegan hátt.
- Nemendur og starfsfólk leggja sig fram um að efla frjáls málefnaleg skoðanaskipti innan skólans og í samfélaginu. Þau sem taka þátt í opinberri umræðu, þar með talið á samfélagsmiðlum, eða sinna félagsstörfum og stjórnámálum gera slíkt samkvæmt eigin sannfæringu en skulu jafnframt minnast ábyrgðar sinnar sem háskólaborgarar.

5. Nemendur og starfsfólk sýna hvert öðru virðingu í framkomu, ræðu og riti. Þau vinna saman af heilindum og forðast að láta persónuleg tengsl, skoðanir eða hagsmuni vega þyngra en faglegt mat og ákvarðanir.
6. Starfsfólk sýnir nemendum og öðru samstarfsfólki virðingu og gætir trúnaðar um persónuleg málefni þeirra, sem og um trúnaðarmál sem varða þriðja aðila. Starfsfólk gætir fyllstu varúðar hvar og hvenær sem málefni nemenda eða samstarfsfólks eru til umræðu.
7. Landbúnaðarháskóli Íslands hefur jafnræði að leiðarljósi. Starfsfólk og nemendur hafa hvert og eitt þá skyldu beita sér af fremsta megni gegn hvers konar órétti, svo sem einelti, ofbeldi, kynferðislega áreitni eða mismunun byggða á kynferði, fötlun, aldri, trú, skoðunum, þjóðerni, kynþætti, kynhneigð eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.
8. Verði starfsfólk eða nemandi vitni að mismunun, ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða einelti í tengslum við starf skólans ber að gera skólayfirvöldum viðvart.

II. Kennarar og kennsla

9. Kennarar stuðla að menntun nemenda með vandaðri leiðsögn, viðeigandi kröfum, hvatningu og góðu fordæmi.
10. Kennarar innræta nemendum sínum heilindi í ræðu og riti. Þeir haga kennslu, leiðsögn og þjálfun samkvæmt ýtrustu kröfum fræðigreinar sinnar um vönduð vinnubrögð og reglum sem skólinn setur.
11. Kennarar gera sér ljósa valdastöðu sína í samskiptum við nemendur og gæta þeirrar skyldu sinnar að misnota hana ekki.

III. Rannsakendur og rannsóknir

12. Skólinn, stjórn, stjórnendur og starfsfólk virða fullt rannsóknar- og tjáningarfrelsi rannsakenda. Það felur meðal annars í sér að rannsakendum er frjálst, innan ramma laga, að draga í efa og láta reyna á viðtekin sannindi og setja fram nýjar og umdeilanlegar eða óvinsælar skoðanir án þess að eiga á hættu starfs- eða réttindamissi.
13. Rannsakendur skipuleggja, framkvæma og vinna úr rannsóknum sínum af kostgæfni, beita ávallt bestu rannsóknar- og greiningaraðferðum sem þekkjast á hverjum tíma og forðast sóun á fjármunum eða öðrum verðmætum.
14. Rannsakendur fjalla heiðarlega um rannsóknir sínar í ræðu og riti. Þau birta og túlka niðurstöður af hreinskilni, með nákvæmni og gagnsæi að leiðarljósi.
15. Í rannsóknarsamstarfi bera allir samstarfsaðilar ábyrgð á því að rannsóknin sé heiðarlega og vel unnin. Rannsóknaraðilar skulu upplýstir og ráðfærðir með viðeigandi hætti þegar niðurstöður eru lagðar fram til birtingar. Allir höfundar skulu samþykkja höfundaröð.
16. Rannsakendur sýna viðföngum rannsókna sinna, hvort sem það eru manneskjur, dýr, vistkerfi eða aðrir hlutar náttúrunnar, virðingu og aðgát og fylgja öllum siðferðilegum viðmiðum og lagalegum ákvæðum sem um þau gilda.

17. Rannsakendur eru meðvitaðir um og draga eins og kostur er úr möguleikum á skaða eða áhættu í tengslum við rannsóknir sínar.
18. Rannsakendur forðast að hagsmunatengsl og skoðanir hefti rannsóknafrelsi og hamli viðurkenndum fræðilegum vinnubrögðum. Þeir skulu ávallt vinna samkvæmt eigin sannfæringu óháð því hver samstarfsaðili er eða hver fjármagnar þá vinnu sem unnin er. Ávallt skal upplýsa um hagsmunatengsl, séu þau til staðar.
19. Höfundar og útgefendur koma á framfæri leiðréttingum eða draga verk til baka ef nauðsyn krefur.
20. Rannsakendum ber að miðla jafnt jákvæðum sem neikvæðum eða hlutlausum niðurstöðum.
21. Starfsfólk sem vinnur við rannsóknir og fræðastörf hefur þá skyldu að viðhalda faglegri þekkingu sinni og miðla henni. Með slíku stuðlar það að framþróun sinnar fræðigreinar.
22. Rannsakendur virða og viðurkenna framlag hvers annars til rannsókna. Þau eigna sér ekki heiðurinn af hugmyndum samstarfsaðila og geta ávallt framlags þeirra til rannsókna.
23. Kennarar, rannsakendur og eftir atvikum nemendur birta niðurstöður sínar á opinberum vettvangi. Þau birta þær í eigin nafni sem fræðimenn við skólann. Allir höfundar bera fulla ábyrgð á innihaldi birts efnis nema annað sé tekið fram. Enginn getur látið uppi álit Landbúnaðarháskóla Íslands nema háskólaráð og rektor.
24. Rannsakendur, sem starfandi eru við skólann, skulu gæta sæmdarréttar skólans og láta starfs síns við hann getið við birtingu rannsókna sem unnar hafa verið í starfstíma þeirra.
25. Rannsakendur taka ábyrgan þátt í rannsóknarsamfélaginu með vönduðum og rökstuddum ritrýningum, umsögnum og álitsgerðum. Þeir notfæra sér ekki hugmyndir, gögn eða túlkanir sem þeir verða áskynja við slík störf án leyfis.

IV. Nemendur og nám

26. Nemendur virða kennara sína, annað starfsfólk og samnemendur sem einstaklinga og koma fram við þau af heiðarleika, tillitssemi, kurteisi og virðingu.
27. Nemendur sýna umhverfi og náttúru virðingu í störfum sínum.
28. Nemendur vinna verkefni, ritgerðir og próf af samvisskusemi og stuðla að því að samnemendur þeirra geri slíkt hið sama. Þau leggja áherslu á vönduð vinnubrögð, forðast allt misferli og taka mið af reglum háskólans um nám, verkefni og próf.
29. Nemendur nota ávallt rétt gögn við umsóknir, svo sem rétt vottorð, prófskírteini eða meðmæli sem við koma námi þeirra eða störfum.

V. Starfsfólk og þjónusta

30. Starfsfólk veitir nemendum og samstarfsfólki ávallt upplýsingar er þau varða eftir bestu vitund og gæta þess að þær séu eins réttar og kostur er. Það fullyrðir ekki meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni og viðurkennir hvenær þekking þess er takmörkuð, aflar frekari upplýsinga eða vísar fyrirspurnum til viðeigandi aðila.

31. Starfsfólk heldur, með lipurð og sanngirni, góðu sambandi við nemendur, samstarfsfólk og önnur sem nota veitta þjónustu.

32. Starfsfólk og nemendur gæta þess að fara vel með fjármuni eða verðmæti háskólans sem þeim er trúað fyrir eða hafa til umráða vegna starfa sinna eða náms. Slík gæði séu ekki notuð til einkahagsmuna.

VI. Ábyrgð, eftirfylgni, viðurlög og kæruleiðir

33. Starfsfólk og nemendur skólans eru ábyrg fyrir því að þeirra eigin athafnir og gjörðir séu í samræmi við siðareglur þessar. Ef starfsmaður eða nemandi verður þess áskynja að reglurnar hafi verið brotnar gerir viðkomandi viðvart um það með því að beina erindi til yfirstjórnar háskólans eða siðanefndar. Rökstudd ásökun um brot á siðareglum má aldrei bitna á þeim sem færir hana fram.

34. Sérstök siðanefnd starfar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Siðanefnd hefur það hlutverk að skera úr um það hvort siðareglur þessar hafi verið brotnar. Siðanefnd starfar samkvæmt starfsreglum sem háskólaráð staðfestir og eru þær starfsreglur hluti af siðareglum þessum.

Starfsreglur siðanefndar Landbúnaðarháskóla Íslands

1. Sérstök siðanefnd starfar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Í nefndinni eiga sæti þrír fulltrúar, allir utan háskólans. Rektor skipar siðanefnd og er skipan nefndarinnar samþykkt í háskólaráði. Skipunartími nefndarmanna er tvö ár. Formaður siðanefndar er skipaður af háskólaráði samkvæmt tilnefningu rektors. Siðanefnd háskólans skal vera yfirstjórn til ráðgjafar um gerð og túlkun siðareglna. Þá úrskurðar siðanefnd um það hvort siðareglur hafi verið brotnar.

2. Nefndin tekur við skriflegum ábendingum og kærum frá nafngreindum aðilum utan og innan skólans. Hún hefur lögsögu yfir starfsfólki og nemendum og gjörðum þeirra innan háskólasamfélagsins, bæði innan skóla og utan. Nefndin tekur ekki upp mál að eigin frumkvæði. Heyri erindi undir aðrar reglur skólans vísar siðanefnd málinu frá og veitir leiðbeiningu um viðeigandi farveg. Nefndin getur vísað máli til nefndar um vandaða starfshætti í vísindum, sbr. 3. tl. 2. mgr. 7. gr. laga um vandaða starfshætti í vísindum, nr. 70/2019.

3. Við málsmeðferð skal nefndin gæta meginreglna stjórnsýslulaga um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála, upplýsingaöflun, meðalhóf og andmælarétt.

4. Siðanefnd skal eiga óheftan aðgang að gögnum sem kærana varða í skjalasafni háskólans og skjalasöfnum deilda.

5. Sé tilefni til ábendingar eða kæru um brot á siðareglum skal þeim beint til siðanefndar svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en 4 mánuðum frá því að hinn meinti atburður eða háttsemi kom í ljós. Siðanefnd getur heimilað undanþágu frá þessum tímafresti en skal það eingöngu gert í sérstökum kringumstæðum.

6. Ábending og kæra skal vera skrifleg og undirrituð af þeim sem hana ber fram. Í ábendingu og kæru skal lýsa þeim atburðum og háttsemi sem eru tilefni hennar og tilgreina með rökstuddum hætti þau ákvæði siðareglna sem meint brot tekur til. Kæru skulu fylgja tiltæk gögn um meint brot. Siðanefnd getur ákveðið að aðili sem vísar máli til nefndarinnar skuli njóta nafnleyndar. Þeirri heimild verður aðeins beitt undir sérstökum kringumstæðum.
7. Málum eða einstökum þáttum mála sem ekki snerta siðareglur verður vísað frá nefndinni. Hið sama gildir ef mál er augljóslega ekki á rökum reist og um mál sem varða lagareglur sem leyst verður úr fyrir dómstólum eða af stjórnvöldum. Þá verður erindi vísað frá nefndinni ef það heyrir undir aðrar kæruleiðir innan skólans, m.a. er varðar reglur um próf, einelti og kynferðislega áreitni. Ef máli er vísað frá nefndinni þegar í upphafi skal nefndin tilkynna þeim sem erindi bar fram um þau málalok.
8. Niðurstaða nefndarinnar skal vera rökstudd og afdráttarlaus um það hvort siðareglur hafi verið brotnar eða ekki. Siðanefnd skal sérstaklega taka fram ef brot telst alvarlegt. Niðurstaða siðanefndar um brot á siðareglum er endanleg og verður ekki áfrýjað.
9. Niðurstaða nefndarinnar skal tilkynnt málsaðilum bréflega. Niðurstaðan skal einnig send rektor til vitundar og varðveislu.
10. Nefndin ákvarðar ekki um viðurlög við brotum. Slíkt gerir rektor.